

sé svikin, skemmd eða skaðleg heilsu manna. Skal nefndinni heimilt að kaupa **116**
sýnishorn af hverri matvöru er hún telur að skemmd sé og láta rannsaka hana 29. okt.
á kostnað sveitarsjóðs. Leiði sú rannsókn í ljós að varan sé skaðleg má hún
banna seljanda að hafa vöruna á boðstólum.

30. gr.

Brot móti reglugerð þessari varða sektum frá 25 til 300 kr., er renna í
sveitarsjóð.

Heilbrigðissamþykkt þessi öðlast gildi 1. desember 1934.

Þetta tilkynnist öllum þeim, sem hlut eiga að máli, til eftirbreytni.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 29. október 1934.

Haraldur Guðmundsson.

Gissur Bergsteinsson.

AUGLÝSING

117
10. nóv.

**um staðfesting heilbrigðismálaráðuneytisins á breytingu á heilbrigðissamþykkt
fyrir Ytri-Akraneshrepp í Borgarfjarðarsýslu nr. 65 frá 1929.**

Samkvæmt lögum nr. 64 frá 10. nóvember 1905, um heilbrigðissamþykktir
fyrir bæjar- og sveitarfélög, er hér með staðfest eftirfarandi breyting á heilbrigð-
issamþykkt fyrir Ytri-Akraneshrepp, nr. 65 4. júlí 1929, sem sýslunefnd Borgar-
fjarðarsýslu hefir samþykkt eftir tillögum hreppsnefndar.

1. gr.

36. gr. heilbrigðissamþykktarinnar hljóði svo:

„Öll mjólkursala skal háð eftirliti heilbrigðisnefndar og er óheimilt að selja
mjólk annarsstaðar en í mjólkurbúðum, sem uppfylla þau skilyrði, sem heil-
brigðisnefnd setur á hverjum tíma um heilbrigðisráðstafanir og hreinlæti í allri
meðferð mjólkurinnar.

Heilbrigðisnefnd getur bannað að höfð sé á boðstólum mjólk frá heimil-
um, þar sem næmir sjúkdómar ganga eða ef kýrnar eru haldnar af smitandi
sjúkdómi.

Berklaveikar manneskjur mega ekki hafa á hendi kúahirðingu, mjólka eða
fara með mjólk, sem ætluð er til sölu.

Heilbrigðisnefndin getur og bannað mjólkursölu ef óþrifalega er farið með
mjólkina, eða hreinlæti í fjósum og hirðing kúna er í svo löku standi, að erf-
itt verði að forðast að mjólkinn óhreinist.

117

10. nóv.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

2. gr.

Þetta birtist hérmeð til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 10. nóvember 1934.

Haraldur Guðmundsson.

Gissur Bergsteinsson.

118

15. nóv.

REGLUR

um eftirlit með smjörlikisgerðum.

Samkvæmt lögum nr. 32, 19. júní 1933, um tilbúning og verzlun með smjörliki o. fl., eru hérmeð settar eftirfarandi reglur:

1. gr.

Eftirlit með smjörlikisgerðum, þ. e. verksmiðjum, sem framleiða smjörliki eða aðrar eftirlíkingar mjólkurafurða, hefir þar til hæfur sérfróður maður, er atvinnumálaráðuneytað skipar. Hann annast í samráði við hlutaðeigandi lögreglustjóra eftirlit með framleiðslu þessara vöruhegunda og með verzlun með þær hér á landi og er jafnframt ráðunautur atvinnumálaráðuneytisins um allt, er að iðju þessari lýtur.

Eftirlitsmaður undirritar eiðstaf um, að hann vilji með alúð og kostgæfni rækja skyldur þær, sem á hann eru lagðar með reglum þessum.

2. gr.

Enga smjörlikisgerð má setja á stofn án þess að það sé tilkynnt atvinnumálaráðuneytinu með tveggja mánaða fyrirvara, enda séu húsakynni og öll áhöld hæf til fullnustu og næg kunnátta fyrir hendi til þessa iðjureksturs að dómi eftirlitsmanns.

Fá skal samþykki eftirlitsmanns til allra breytinga á húsakynnum og áhöldum smjörlikisgerða, svo og ef skipta skal um kunnáttumenn, er annast framleiðsluna.

Þær smjörlikisgerðir, sem eru starfandi þegar reglur þessar ganga í gildi, skulu skoðaðar af eftirlitsmanni og bætt úr því sem hann telur áfátt.

3. gr.

Eftirlitsmaður á jafnan aðgang að hverri smjörlikisgerð. Honum er heimilt að taka eða láta taka sýnishorn af framleiðsluvörinum, svo og af öllum þeim hráefnum, sem í þær eru notaðar. Honum er og heimill aðgangur að bókum